

Íbúafundur 8. júní 2019  
Fundur haldinn í félagsheimilinu Múla

Mættir:

Karen Nótt Halldórsdóttir ritari

Guðrún Inga Hannesdóttir

Aðrir íbúar Grímseyjar

Fundur settur kl. 17:00

Rætt var um sumarsólstöðuhátíðina 20. – 23. júní nk.

Verkefnum þyrfti að deila niður á íbúa sem var gert að mestu. Spurt var hvar veiðistangirnar frá því í fyrra væru. Karen ætlaði að athuga málið.

Rætt var um dagskrá sólstöðuhátíar og talað um að breyta tímasetningu á bryggjumarkaði og hafa hann frekar þegar ferðamenn væru á leið aftur í ferjuna.

Mikil umræða skapaðist um kúluna. Ferðamönnum finnst svik að fara ekki að henni í leiðsögnum og sumir heimamenn vilja færa hana nær.

Rætt var um að slysavarnarfélagið keypti björgunarvesti í ýmsum stærðum til þess að eiga. Svafar ætlar í það mál.

Gistingu vantar fyrir hljómsveitina. Ekki komin lausn á því.

Skipt yfir í næsta lið fundarins – að ræða 5 milljónirnar sem íbúar hafa til ráðstöfunnar.

Ýmsar hugmyndir komu upp:

-Hjólabátar og bryggja á Sandvíkurtjörn

-Bekkir hér og þar á eyjunni. Fáir eftir í dag.

-Hylja vesturhlið á ruslasvæði; með timburverki listaverkum eða öðrum hætti.

-Flika upp á leikvöllinn; nýtt tæki, málning og almenn umhirða.

-Fótboltavöllur – sléttur og utanumbyggður (ekki upphitaður KSÍ völlur)

-Grindarhlið sitthvoru megin til þess að loka fyrir ferðamönnum á bílum upp á eyju (Grímseyingar þyrftu þó að hafa aðgenga, m.a. vegna búfánaðar).

-Viðgerð og lenging á tröppum við félagsheimili.

-Múrhúð utan á félagsheimili.

-Stígur/skref/fuglaspor til þess að leiða ferðamenn úr eyjunni upp að byggð en ekki í gegn um iðnaðarsvæði. Einnig til þess að hægt sé að vinna á bryggjunni,

-Stígur meðfram Sandvíkurtjör og norður að Básúm

Einnig var rætt um girðingarmál í eyjunni og umhirðu á túnnum ríkisins sem ekki eru slegin af bændum. Girðingar eru ónýtar og búfánaður gengur allstaðar um.

Fundi slitið kl. 18:30